

Hjúkrun - draumastarfið



Vilborg Guðrún Þórðardóttir

Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Ég beið eftir að verða 19 ára til að geta hafið nám í hjúkrun. Útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands vorið 1959 en námið tók þá rúm þrjú ár.

Byrjaði að vinna á SAK eftir útskrift en lengst af vann ég á Kristnesspítala og þá við öldrunarhjúkrun eða í tuttugu og sex ár. Einnig starfaði ég við Heilsugæslustöðina á Akureyri, bæði í skólaheilsugæslu og við heimahjúkrun.

Á Kristnesspítala starfaði ég sem almennur hjúkrunarfræðingur og tók allar vaktir. Var einnig deildarstjóri á Ö – deild og tímabundið sem hjúkrunarforstjóri í afleysingum. Starfaði í tíu ár í hlutastarfi bæði á Kristnesi og við skólaheilsugæslu H.A.K.

Hvaða áskoranir voru til staðar þegar þú varst að læra?

Áskoranir í hjúkrun eru alltaf miklar á hvaða tíma sem er og þær voru miklar. Þegar við nemarnir vorum komnar á þriðja ár í náminu þá dekkuðum við oft stöður hjúkrunarfræðinga, sérstaklega á næturvöktum. Mikill skortur var á menntuðum hjúkrunarfræðingum eins og í mörgum öðrum starfsgreinum. Það vantaði t.d. mikið fólk á skurðstofu, geðsvið sem og í stjórnun og kennslu. Á þessum tíma var þó nokkuð um að hjúkrunarfræðingar færu erlendis í nám til að afla sér sérþekkingar í hinum ýmsu greinum.

Hverjar eru helstu áskoranir í hjúkrun í dag?

Tímarnir hafa breyst mikið og það er nokkuð langt síðan hjúkrunarnámið fór á háskólastig. Með því var stigið mikið heillaskref fyrir starfsgreinina. Hjúkrunarfræðingar eru vel menntuð stétt og ótal tækifæri eru í boði fyrir þá og fjölbreytt framhaldsmenntun. Ég tel að í auknum mæli muni hin ýmsu fyrirtæki sækjast eftir að hafa hjúkrunarfræðinga innan síns starfslíðs eins og er farið að sýna sig í flugfreyjustéttinni en þar eru þeir mjög eftirsóttir. Mér finnst það jákvæð þróun því sú viðtæka þekking sem þeir búa yfir hefur ekki verið metin til fulls né sá gaumur gefinn sem væri þjóðfélaginu til heilla. Ég vil sjá sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga á ýmsum stöðum innan heilbrigðiskerfisins sem og sem víðast í þjóðfélaginu.

Hvaða tækifæri telur þú að séu almennt í hjúkrun í dag?

Þessi almennu hjúkrunarstörf eru alltaf sígild og gríðarlega mikilvæg fyrir alla. Þessi hárfína og dýrmæta nálgun við skjólstæðinga, að komið sé fram við hvern og einn af einlægni og virðingu, hverjar sem aðstæðurnar eru. Öguð framkoma, jákvæðni og markviss hlustun, það er hjúkrun í sinni tærustu mynd.

Mestu tækifærin sé ég í fræðslunni sem hjúkrunarfræðingar geta veitt. Ég vil sjá hjúkrunarfræðinga starfa á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla. Ég tala nú ekki um allt forvarnarstarfið sem þarf að vera miklu víðtækara en nú er. Einnig vil ég sjá hjúkrunarfræðinga starfa meira sjálfstætt í alls kyns heilsutengdum úrræðum.

Hvað er skemmtilegt við starfið?

Starfið er engu líkt. Þegar náminu lýkur þá fer maður eiginlega í hið eina og sanna alvörunám. Oft stendur maður berskjaldaður frammi fyrir hinum ýmsu uppákomum, sumum mjög flóknum og það þarf þor og kjark í starfið. Þá er dýrmætt að hafa þá trú að maður sé aldrei einn og að yfir manni sé vakað. Það hef ég oft og mörgum sinnum upplifað á mínum starfsferli. Starfið er krefjandi en um leið mjög gefandi eins og t.d. þegar ég fór í frí þá var oft spurt; hvenær kemurðu aftur? Eins var það að lokinni kannski kvöldvakt á 20 rúma deild að hafa fengið svo margar blessunaróskir og góð orð að mér fannst ég vera umvafin sterku ljósi. Þetta var engu líkt og gleymist aldrei.

Það er líka skemmtilegt og óhemju gefandi að fá að kynnast öllu því frábæra fólki sem ég hef unnið með í gegnum árin. Það hefur þroskað mig og gert mig að meiri og betri manneskju.

Áttu einhver ráð til yngri hjúkrunarfræðinga?

Í fyrsta lagi að afla sér starfsreynslu og huga að sérfræðinámi í hinum ýmsu greinum hjúkrunar. Vera ófeimin að láta í ykkur heyra um það sem betur má fara bæði í námi og í starfi. Hugsa ávallt um heildina. Orð hafa áhrif.

Gangi ykkur vel.